



LYFJATEKNAFÉLAG ÍSLANDS

Kringlan 7

103 Reykjavík

Afheiti á Júrði hf.
27. apr. 2000, af
lyfjateknafélag Ísl.

Alþingi

Erindi nr. P 125/1815

komudagur 28. 4. 2000

Norrænt lyfjateknabing í Molde Noregi 22.-25. ágúst 1999

Sameiginlegt norrænt álit

Öruggustu upplýsingar um lyf fást í apótekum

Upplýsingar um lyf í apótekum eru mikilvægar til að tryggja rétta lyfjanotkun og er mikilvægur hluti af forvarnarstarfi í heilbrigðismálum.

Upplýsingar um lyf til sjúklinga skulu vera veittar af faglærðu fólki í apótekum

Í heimi þar sem aðgangur að lyfjafræðilegum upplýsingum er aukin, er mikilvægt að tryggður sé aðgangur að traustum og öruggum upplýsingum

Það er mikilvægt að það sé skýrt að heildarstefna og hlutverk apótekanna á norðurlöndunum er að upplýsingaskyldan er í þágu sjúklings/skjólstaðings apóteksins.

Allt starfsfólk apóteka ber ábyrgð á því að sjúklingurinn fái réttar og öruggar upplýsingar.

Þetta er mikilvægur hluti af starfi og markmiðum apótekanna.

Norrænt þing lyfjatekna í Molde, Noregi 25. ágúst 1999

Apteekkualan Työntekijät Ry, Finland,
Lyfjateknafélag Íslands, Íslandi,
FarmasiForbundet, Norge,
Farmaciförbundet, Sverige,
Farmakonomforeningen, Danmark.

Faglært fólk í apótekum

LYFJATÆKNI er nám sem kennt er við Heilbrigðisskólann við Ármúla, en það er sérstök deild við Fjölbrautaskólann við Ármúla og lýtur hann stjórn skólameistara og skólanefndar. Sérstakt fagráð heilbrigðisstétta og ráðuneyta er skólameistara til halds og trausts þegar námsframboð er skipulagt. Markmið námsins er að sérmennta fólk til starfa við sölu, dreifingu og



Hrafnhildur Á.
Smith

afgreiðslu lyfja í apótekum, heilðsölum, sjúkrahúsum og opinberum stofnunum þar sem fjallað er um lyf og lyfjatengd málefni. Námið tekur fjögur ár, þ.e. tveggja ára almennt nám og tveggja ára sérhæft nám. Auk þess bætist við tíu mánaða starfsþjálfun í apótekum eða á öðrum vinnustað þar sem fengist er við lyf. Hægt er að fara beint í námið eftir grunnskólapróf en flestir sem eru í þessu námi núna hafa lokið prófum úr öðrum skólum eða eru búnir með einhvern grunn. Það eru eingöngu konur í þessu námi og aldur þeirra er á milli 20 og 45 (karlmenn eru samt velkomnir). Kennslustjóri er Eggert Eggertsson lyfjafræðingur.

Námið er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Við lærum um flest lyf, hvernig þau verka og hvað verður um þau í líkamanum. Við lærum um hjúkrunarvörur, sjúkragögn og einnig næringarfræði fyrir mismunandi hópa þjóðfélagsins. Meðal annarra áfanga sem kenndir eru má finna lyfjafræði náttúruefna, eiturefnafræði, lyfjagerð, sýklafræði og sjúkdómafræði svo eitthvað sé nefnt. Sérstakur áfangi er um af-

greiðslutækni og samskipti og farið er í hluta lyfjalaganna.

Samfara starfsnáminu vinnum við verkefni á vinnustað og skilum skýrslu til kennslustjóra. Þegar við höfum lokið bóklegu og verklegu námi sækjum við svo um löggildingu til heilbrigðisráðherra.

Starfrækt er stéttarfélag lyfjatækna hér á landi og heitir það Lyfjatæknafélag Íslands, skammstafað LTI.

Möguleikar á starfi eftir útskrift eru góðir. Það vantar lyfjatækna í apótekin. Okkur á brautinni finnst mjög merkilegt að ekki sé gerð sú

Lyfjatækna

Möguleikar á starfi eftir útskrift, segir Hrafnhildur Á. Smith, eru góðir. Það vantar lyfjatækna í apótekin.

krafa til lyfsala að einungis faglært fólk starfi við sölu lausasölu lyfja. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð starfar eingöngu faglært fólk í apótekum. Þessu viljum við breyta svo að þessi stétt verði meira metin.

Ég vona að þessi pistill minn hafi vakið áhuga fólks á lyfjatækni og því að það eru fleiri en lyfjafræðingar sem geta leiðbeint í apótekunum.

Höfundur er lyfjatækninemi og situr í fagráði lyfjatækniþrautar.

Lyfjataknum fer fjölgandi

Er lyfjatakknir í apótekinu þínu?

MIKIL umræða hefur verið í samfélaginu um lyf og lyfjabúðir síðan ný lög um lyfsölu tóku gildi fyrir fjórum árum. Það hefur þó ekki farið hátt í umræðunni að í apótekum fer stöðugt fjölgandi lyfjataknum sem eru sérmenntuð stétt starfsmanna í lyfjabúðum – en frá Lyfjataknskóla Íslands og nú frá Heilbrigðisskólanum í Ármúla hafa útskrifast hátt í þrjú hundruð lyfjatakknar. Lyfjatakknar hafa sitt fagfélag – Lyfjataknafélag Íslands, formaður þess er Sigrún Guðmundsdóttir lyfjatakknir á Selfossi. En hvert skyldi vera verksvið lyfjatakna?

„Það er í rauninni allt sem kemur að lyfjum og lyfjamálum. Flestir lyfjatakknar starfa í apótekum og koma þar að afgreiðslu á lausasöhlulyfjum og lyfseðlum, ásamt því að veita ráðgjöf í hjúkrunarvörum og ýmsum sérvörum. Það eru sífellt að koma á markaðinn flóknari lyf og skiptir því æ meira máli að lyfjaafgreiðsluna annist fagfólk,“ sagði Sigrún.

– *Fá lyfjatakknar mikla kennslu í lyfjafræði?*

„Lyfjatakknar fá kennslu í lyfjafræði en auðvitað ekki nærri því eins umfangsmikla og lyfjafræðingar enda er þeirra nám á



Sigrún Guðmundsdóttir

► Sigrún Guðmundsdóttir fæddist í Reykjavík 13. ágúst 1960 en ólst upp í Ölfusinu. Hún lauk lyfjataknaprófi 1982 og stúdentsprófi úr Fjölbrautaskóla Suðurlands 1993. Hún hefur tekið þátt í félagsmálum, m.a. unnið fyrir Lyfjataknafélag Íslands, þar af setið í stjórn félagsins frá 1996, formaður hefur hún verið 1998. Sigrún starfar í Árnesapóteki á Selfossi sem lyfjatakknir.

uggum upplýsingum. Það er mikilvægt að það sé skýrt að heildarstefna og hlutverk apót-

því eins umfangsmikla og lyfjafræðingar enda er þeirra nám á háskólastigi. Lyfjafræðingar bera ábyrgð á afgreiðslu lyfseðillsskyldra lyfja en lyfjatæknar geta komið að afgreiðslu þeirra að öðru leyti.“

– Hvernig er nám lyfjatækna skipulagt?

„Þetta er fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi. Fyrst er tveggja ára undirbúningsnám á heilbrigðisviði og síðan er þetta tveggja ára sérnám. Námið fer fram í Heilbrigðisskólanum og svo er tíu mánaða starfsnám í apóteki eða á sambærilegum vinnustað. Þess má geta að Endurmenntunardeild Háskóla Íslands sér um endurmenntunarnámskeið fyrir lyfjatækna, en mjög mikilvægt er fyrir þá að fylgjast með nýjungum í greininni.“

– Á lyfjatækninámið sér hliðstæðu erlendis?

„Já, þetta nám hér er mjög hliðstætt lyfjatækninámi á Norðurlöndum en þar er þessi stétt mun eldri en hér. Íslenskir lyfjatæknar hafa samstarfið við kollega sína á Norðurlöndum, fara á lyfjatæknabing þar þar sem menn skiptast á skoðunum og greina frá nýjungum í hverju landi fyrir sig.“

– Fylgjast íslenskir lyfjatæknar vel með því sem gerist í lyfjaheiminum?

„Já, við reynum að gera það. Í samþykkt sem gerð var á norrænu lyfjatæknabingi í Noregi á sl. ári segir svo: Örugustu upplýsingar um lyf fást í apótekum. Upplýsingar um lyf í apótekum eru mikilvægar til að tryggja rétta lyfjanotkun og eru þýðingarmikill hluti af fyrirbyggjandi heilsufarsaðgerðum. Upplýsingar um lyf til sjúklunga skulu vera veittar af faglærðu fólki í apótekum, lyfjafræðingum eða lyfjatækn-um. Í heimi þar sem aðgangur að lyfjafræðilegum upplýsingum er aukinn er mikilvægt að tryggður sé aðgangur að traustum og ör-

uggum upplýsingum. Það er mikilvægt að það sé skýrt að heildarstefna og hlutverk apótekanna á Norðurlöndum er að upplýsingaskyldan er í þágu sjúklings/skjólstæðings apóteksins og allt starfsfólk apóteka ber ábyrgð á því að sjúklingurinn fái réttar og öruggar upplýsingar. Þetta er mikilvægur hluti af starfi og markmiði apótekanna.“

– Leitar fólk mikið eftir upplýsingum um lyf?

„Já, það gerir það. Fólk vill fá upplýsingar um aukaverkanir hugsanlegar og lyfjatæknar geta í mörgum tilvikum gefið slíkar upplýsingar. Í auknum mæli er hægt að nálgast upplýsingar á Netinu um hin ýmsu lyf en við í apótekunum teljum að þær upplýsingar komi ekki í stað þeirra sem gefnar eru augliti til auglitis, það eru svo mörg atriði og spurningar sem koma inn í slíka umfjöllun. T.d. geta verið um að ræða milliverkanir milli lyfja, ýmsir sjúkdómar spilað inn í og margt fleira.“

– En hvað með allar þær vörur aðrar sem fást í apótekum – eruð þið menntuð í t.d. kremvörum og öðru slíku?

„Við höfum menntun hvað snertir almenna húðhirðu og getum því leiðbeint fólki um val sem á í vanda vegna ýmissa kvilla, svo sem vegna þurrar húðar, flösu og fleira í þeim dúr. Í þessu sambandi er líka hægt að nefna val á vítamínum og fæðubótarefnum, hjúkrunarvörum og sjúkragögnum. Lyfjatæknastarfið er skemmtilegt og fjölbreytt og þótt það sé ekki sérlega vel launað býður það upp á marga möguleika. Atvinnumöguleikar eru góðir í apótekum, á sjúkrahúsum, í heilðsólum og á opinberum stofnunum. Okkar framtíðarsýn er að það verði með tímanum eingöngu faglært fólk sem sinnir lyfjaafgreiðslu eins og er víða erlendis – góð spurning almennings væri: Er lyfjatæknir í apótekinu þínu?“

Eingöngu faglært fólk í lyfjaafgreiðslu

Lyfjateknir, hvað er það?

Lyfjateknar eru menntaðir til að sinna sérhæfðum störfum í apótekum, einnig höfum við haslað okkur völl víðar s.s. hjá lyfjafélagi, Lyfjaframtíð, lyfjaheildsölum, við lyfjaframleiðslu, hjá Tryggingastofnun og víðar þar sem lyf og lyfjamál eru til umfjöllunar.

Í apótekunum er veitt sérhæfð og persónuleg þjónusta, sem meðfram byggist á störfum lyfjatekna.

Þar bjóðast bestu fálæglegar upplýsingar um lyf og ýmsar aðrar vörur sem varðar heilsuna, veittar af ábyrgu og fagmenntuðu fólki.

Í apótekinu eru eins og allir vitá afgreidd lyf út á lyfseðla sem mikilvægt er að séu rétt afgreiddir tæknilega þ.e. hvað varðar lyf, styrkleika þess, skömmtun og fleira, enn fremur er áriðandi að viðskiptavinir geti treyst því að trún-



Aðalbjörg Karlsdóttir

aður ríki um málefni þeirra.

Lyfjateknar eins og aðrar heilbrigðisstéttir viðhalda menntun sinni og kunna þess vegna góð skil á vörum apóteksins hvort sem um er að ræða verkjalyf, vítamín, hjúkrunarvörur, barnavörur og hvaðeina sem heilsu, hjúkrun og umönnun varðar.

Fleiri störf eru í höndum lyfjatekna í apótekinu svo sem vinna í reseptúr, tölvuvinnsla, tiltekt lyfja á

lyfseðla, samlestur og afhending til viðskiptavina, mikilvægt er að vinnan sé byggð á fagmennsku og unnin af öryggi og lipurð.

Á síðustu árum hefur þjónusta apóteka aukist við aldrada og sjúklinga sem eru í heimahúsum eða á hjúkrunarheimilum, með tiltekt á lyfjum í skammtaðskjúr, oftast fyrir viku í einu.

Í sjúkrahúsapótekunum mynda lyfjateknar vinnuhóp með lyfjafræðingum þar sem framleiddar eru

48. MARS 2000

Lyf

Í apótekunum, segir

Aðalbjörg Karlsdóttir,

er veitt sérhæfð og

persónuleg þjónusta,

sem meðfram byggist á

störfum lyfjatekna.

næringarblöndur til gjafa í æð handa fyrirburum og mikið veikum sjúklingum, einnig lyfjablöndur til notkunar í krabbameinsmeðferð, það er mjög sérhæfð vinna sem krefst mikillar nákvæmni. Þar hefur einnig síðustu árin orðið mikil aukning í skömmtunarvinnu fyrir inniliggjandi sjúklinga, og er þar líka um samvinnuverkefni lyfjatekna og lyfjafræðinga að ræða.

Það ætti að vera metnaður hvers lyfsala að hafa við afgreiðslu hjá sér ekki bara „lífsglatt og hress“ fólk heldur líka fólk sem sinnir viðskiptavinum af kunnáttu og metnaði.

Hjálpfýsi, lipurð og fagmennska eru kjörorð lyfjatekna.

Höfundur er lyfjateknir hjá Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingasviði, lyfjatekna.

EKKI BERA ÖLL AUKAKÍLÓIN!

Hef hjálpað fjölda fólks með frábærum árangri. Hvað með þig? Uppl. í síma 698 3600.

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll
www.sjonarholl.is

SMARKAÐUR

FJÖRÐUR

narfirði í dag laugardag kl. 11-16.

miðbæ Hafnarfjarðar

Verksvið lyfjatakna í lyfjabúðum

EITT mikilvægasta hlutverk lyfjabúða er að tryggja örugga afgreiðslu lyfja og veita neytendum faglegar upplýsingar um lyf. Eingöngu lyfjafræðingar geta orðið lyf-söluleyfshafar og bera þeir faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúða. Lyfjafræðinám-ið er fimm ára nám á háskólastigi og því búa lyfjafræðingar yfir mjög traustri og viðtækri þekkingu á lyfjum og öllu sem viðkemur lyfjameðferð.

Hins vegar starfa einnig í lyfjabúðum aðrir starfsmenn með menntun á sviði lyfjafræði, það er að segja lyfjatakna, og gegna þeir einnig mikilvægu hlutverki. Nám lyfjatakna er fjögurra ára nám á framhaldsstigi og með því öðlast þeir góða þekkingu á heilsuvörum, hjúkrunarvörum og lyfjum þó vitaskuld sé hún ekki jafn viðtæk og þekking lyfjafræðinga.

Verksvið lyfjatakna felur m.a. í sér að taka á móti lyfjasendingum og annast frágang lyfja í lyfjahirslur, þ.m.t. að setja á lyfjapakkingar ýmsar merkingar, t.d. hvað varðar geymslu eða töku lyfsins. Auk þess sinna lyfjatakna ýmsum öðrum verkefnum, s.s. þeim að veita ráðgjöf um lyf, heilsu- og hjúkrunarvörur, verðleggja lyfseðilsskyld lyf, setja skömmtunarleiðbeiningar á lyfjapakkingar og ganga vandlega úr skugga um að lyf sé rétt afgreitt samkvæmt lyfseðli. Það eru hins vegar lyfjafræðingar sem bera ábyrgð á afgreiðslu



Ingi Guðjónsson

lyfseðla samkvæmt lyfjalögum. Ekki er heimilt að afgreiða lyfseðil nema að lyfjafræðingur hafi kvittað á hann því til staðfestingar að hann sé rétt og eðlilega ritaður og að um rétt afgreitt lyf sé að ræða með réttum merkingum eða áritunum.

En tækninni fleygir fram og undirritaður sér fram á breytt hlutverk lyfjatakna í framtíðinni. Samkeppni á lyfjamarkaði

hefur leitt til mikillar framþróunar á tölvuforritum í lyfjaafgreiðslu; forritum sem notuð eru til að verðleggja lyfseðilsskyld lyf og prenta út límniða með skömmtun og verði lyfs. Ekki er langt þar til ýmsir aðrir þættir verða settir inn í lyfjaafgreiðsluferfin, s.s. skömmtun lyfs, frábendingar, milliverkanir, tvískömmtun og ofnæmi. Þannig mun afgreiðsluforritið kanna ofangreind atriði, m.a. hvort skömmtun lyfs sé rétt eða hvort um milliverkun sé að ræða á lyfjum sem ávisuð eru á lyfseðli eða lyfjum sem hafa verið afgreidd áður í apótekinu. Afgreiðsluforritið gefur síðan viðvörðun í þeim tilvikum sem það finnur eitthvað athugasvert.

Með tilkomu þessa mun öryggi í afgreiðslu lyfja aukast verulega og mun þessi þróun einnig hafa aðrar breytingar í för með sér. Hvað varðar afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja verður hlutverk lyfjafræðings einungis að tryggja að lyfseðlar séu réttir og í samræmi við lög. Þannig mun skapast aukið svigrúm

Lyfjatakna


Tækninni fleygir fram og Ingi Guðjónsson sér fram á breytt hlutverk lyfjatakna í framtíðinni.

í lyfjabúðum og lyfjafræðingar ættu að geta sinnt öðrum mikilvægum lyfjafræðilegum verkefnum, s.s. lyfjafræðilegri umsjá, þ.e. ráðgjöf til neytenda um lyf og lyfjameðferðir. Lyfjatakna munu hins vegar sjá um afgreiðslu og afhendingu lyfseðilsskyldra lyfja. Rétt er að taka fram að til að þetta megi verða þarf lagabreytingu og endurskoðun á lyfjatæknináminu með tilliti til aukinnar ábyrgðar. Í Danmörku er fyrirkomulagið reyndar þegar með þeim hætti að lyfsalinn hefur heimild til að fela lyfjatæknum ábyrgð og umsjón á afgreiðslu lyfseðilsskyldra lyfja og ekki er farið fram á að lyfjafræðingar sjái um hverja einstaka afgreiðslu.

Um helmingur danskra apótekkara hefur nýtt sér þessa heimild. Krafa er sú að tveir lyfjatakna sannprófi hvor annan og kvitti á lyfseðil því til staðfestingar að afgreiðsla og áritun sé rétt.

Um þessar mundir gegna lyfjatakna mikilvægu hlutverki í lyfjabúðum hérlendis. Það er hinsvegar trú undirritaðs að hlutskipti lyfjatakna verði enn mikilvægara þegar fram líða stundir.

Höfundur er lyfsali.



GAGNASAFN > FUNDIN GREIN

Veldu hér

[Blað dagsins](#)

Miðvikudagur 19. apríl 2000. (Aðsent efni)

[Liðin vika](#)

Lyfjaafgreiðsla

[Efnisleit](#)

Verksvið lyfjafræðinga í lyfjabúðum

[Vakar](#)

[Spurt og svarað](#)

Ég deili ekki þeirri trú Inga, segir **Finnbogi Rútur Hálfðanarson**, að tæknin leysi faglegt mat vel menntaðs lyfjafræðings á lyfseðlinum af hólmi í fyrirsjáanlegri framtíð.

[Hjálp!](#)

[Gerð að aðalleitarvél](#)

Leit að niðringar-greinum



Finnbogi Rútur Hálfðanarson

INGI Guðjónsson lyfsali skrifar grein sem birtist í Morgunblaðinu 4. apríl síðastliðinn. Þar fjallar hann um verksvið lyfjatækna í lyfjabúðum. Í greininni segir hann eins og rétt er að lyfjafræðingar búi yfir mjög traustri og víðtækri þekkingu á lyfjum og öllu sem viðkemur lyfjameðferð. Ingi talar einnig um aðra stétt sem starfar fyrst og fremst í apótekum, en það eru lyfjatæknarnir. Lyfjatæknar eru eins og nafnið bendir til tæknimenntuð stétt á sviði lyfjamála. Um er að ræða fólk sem hefur fengið menntun, áður fyrr í Lyfjatækniskólanum, en undanfarin ár á Lyfjatæknabraut Fjölbrautaskólans í

Ármúla. Lyfjataknum hefur fjölgað mjög þau 25 ár eða svo sem liðin eru frá því að þeir fyrstu útskrifuðust. Það er skoðun mín að í apótekum ætti að starfa fyrst og fremst sérmenntað fólk, lyfjafræðingar og lyfjatakna. Hjúkrunarfræðingar, næringarfræðingar, tannfræðingar og aðrir sérmenntaðir heilbrigðisstarfsmenn geta líka haft góð áhrif á þjónustu apótekanna. Það er reyndar skoðun mín að í apótekum ættu fyrst og fremst að vera á boðstólum lyf, hjúkrunarvörur og aðrar vörur sem samkvæmt faglegu mati teljast eiga þar heima. Þannig er reyndar staðan í Danmörku. Hér á Íslandi er þetta ekki raunhæft markmið við núverandi aðstæður. Hörð samkeppni milli apóteka og strangt aðhald hins opinbera hafa leitt til þess að margir eigendur apóteka álíta það nauðsynlegt að hafa margt annað til sölu. Þá jafnvel hluti sem ýmist myndu ekki standast faglegt mat sem vörn gegn sjúkdómum eða alls óskyldar vörur. Það er því á sama hátt óraunhæft markmið að í apótekunum starfi fyrst og fremst menntað heilbrigðisstarfsfólk.

Ingi opinberar trú sína á tækni framföllum sem samkeppnin leiðir af sér. Afgreiðsluforritin kanni hvort læknirinn hafi gert mistök við útskrift lyfseðilsins. Tækni framfarir síðustu ára hafa vissulega auðveldað vinnuna í apótekunum og aukið öryggi við afgreiðslu lyfja. Ég deili þó ekki þeirri trú Inga að tækni leysi faglegt mat velmenntaðs lyfjafræðings á lyfseðlinum af hólmi í fyrirsjáanlegri framtíð. Reyndar hljómar framtíðarsýn hans í fljótu bragði eins og að vel útbúinn sjálfsali geti leyst apótekið af hólmi, þó svo að ég ætli alls ekki að gera honum upp þá skoðun.

Ingi talar um að í Danmörku hafi lyfsalar heimild til að fela lyfjataknum ábyrgð og umsjón á afgreiðslu lyfseðilskyldra lyfja og ekki sé farið fram á að lyfjafræðingar sjái um hverja einstaka afgreiðslu.

Í Danmörku eru aðstæður sennilega eins ólíkar þeim sem hér eru, eins og hægt er að hugsa sér í hinum vestræna heimi. Lyfjataknanám er byggt á mjög gamlgrónum grunni. Stúdentsprófs eða ígildis þess frá öðrum framhaldsskólum er krafist til inntöku í námið. Hvergi þar sem ég þekki til er samkeppni milli apóteka jafn fjarlæg og í Danmörku. Í bæjum með um 50 þúsund íbúa er ekki talin ástæða til að hafa nema eitt apótek. Í bæjum á Íslandi með 15-20 þúsund íbúa duga yfirleitt ekki minna en 3-4 apótek.

Að framansögðu ætti öllum að vera ljóst að það er skoðun mín að ekki sé tímabært að huga að því að sleppa eftirliti lyfjafræðinga við afgreiðslu lyfseðla. Ég tel að við getum ekki miðað okkur við Dani vegna ólíkra aðstæðna. Ég hef ekki heyrt um það rætt annars staðar frá að tímabært teljist að slaka á kröfunum.

Í allri umræðu um breytta háttu í lyfjadreifingu á Íslandi var tekið fram að öryggi við lyfjaafgreiðslu yrði ekki skert. Þetta verður ætíð að hafa í huga þegar ný skref til sparnaðar við dreifingu lyfja eru stigin.

Það er varla nein tilviljun að Ingi kemur fram með

skoðanir sínar á breyttu verksviði lyfjatækna núna þegar samningar lyfjafræðinga við apótekin eru lausir og viðræður samningsaðila standa yfir. Einnig er frumvarp til breytinga á lyfjalögum til umræðu á Alþingi þessa dagana. Þar er m.a. gert ráð fyrir að lögfasta reglugerðarákvæði um að a.m.k. tveir lyfjafræðingar skuli vera starfandi í apótekum á almennum afgreiðslutíma og á álagstímum þar fyrir utan.

Ég ætla ekki að efna til langvinnra deilna við Inga eða aðra sem deila skoðunum hans hér á síðum Morgunblaðsins. Það þýðir þó ekki að ég sé á neinn hátt mótfallinn umræðum um þessi sem og önnur mál sem snerta okkar sameiginlega fag, lyfjafræðina. Ég mun beita mér fyrir því að umræða um þessi mál verði tekin upp í félagi okkar, Lyfjafræðingafélagi Íslands. Ég efast ekki um að Lyfjatæknafélag Íslands hafi fullan hug á að taka þátt í þeirri umræðu.

Þó svo að ég undirriti þessa grein sem formaður Lyfjafræðingafélags Íslands þýðir það ekki að félagið hafi gefið út ákveðna stefnu í þessu einstaka máli. Ég álit þó að margir lyfjafræðingar geti tekið undir sjónarmið mín í þessari grein og að þau séu í samræmi við markmið og stefnu félagsins.

Höfundur er lyfjafræðingur og formaður Lyfjafræðingafélags Íslands.

© Morgunblaðið.

Í þessari grein

Prentvæn útgáfa